



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði í boði
Þýsku yfirstjórnar EXPO 2000
30. ágúst 2000**

Ég þakka fyrir góða gestrisni og vinarorð í garð okkar Íslendinga. Við höfum átt hér afar ánægjulegan dag og er gleðilegt að sjá hve miklu kynningarstarfið í skála Íslands hefur skilað.

Ég nefndi í morgum að forsvarsmenn Hannover hefðu ásamt þáverandi forsætisráðherra fylkisins Gerard Schröder komið til Íslands til að hvetja okkur til þátttöku í þessari miklu sýningu. Ég minnst fróðlegra samræðna og hvatningarorða núverandi Kanslara á hinum sögufræga stað Bessastöðum þar sem bústaður forseta Íslands er. Að loknum þeim samræðum gaf Gerard Schröder mér stytta af hvítum hesti til hvatningar og má til sanns vegar færa að þeir sem staðið hafa að íslenska skálanum hér í Hannover hafi riðið þeim hvíta fáki til sigurs.

Við metum mikils þá víðtæku kynningu sem Ísland hefur hér hlotið og munum reyna að vinna úr henni landi og þjóð til hagsbóta.

Hannover hefur lengi verið meðal þeirra þýsku borga sem Íslendingar hafa sótt til og tengsl okkar við þennan hluta Þýskalands hafa löngum verið sterk. Þess vegna er það okkur ánægjuefni að vera hér nú og við vonum að hin mikla sýning verði Hannover til hagsbóta, skili borginni og íbúunum í senn árangri og aukinni kynningu.

Við Íslendingar höfum kappkostað á undanförunum árum að auka tengsl okkar við Þýskaland, bæði á sviði viðskipta, stjórnamála og menningar og það er von okkar að þátttakan á sýningunni hér í Hannover verði til að efla það samstarf enn frekar.

Um leið og ég þakka fyrir góða máltíð og gestrisni bið ég ykkur kæru gestir að lyfta glasi Hannover til heilla.